

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn í fundarsal Hnúkabyggð 33, Blönduósi, föstudaginn 29. janúar 2021, kl: 13:00-

Mætt voru: Sigurgeir Þór Jónasson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Anna Margret Sigurðardóttir (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri brunavarna A-Hún., og Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sat fundinn, Pétur Valdimarsson, sérfræðingur í brunavörnum, sem samþykkt hafði verið á síðasta fundi, að kæmi til fundar við stjórn.

Fundargerð:

Í upphafi fundar varð umræða um áheyrnarfulltrúa frá Húnavatnshreppi, á fundum stjórnar, en ekki hafði borist formleg beiðni um slíka aðkomu fyrir þennan fund og því aðeins boðaðir stjórnarmenn, ásamt slökkviliðstjóra og VOH sem ritari stjórnar. Sverrir Þór Sverrisson, fulltrúi Húnavatnshrepps, yfirgaf fundinn áður en gengið var til formlegrar dagskrár, þar sem sveitarstjóri Húnavatnshrepps var ekki samþykktur sem áheyrnarfulltrúi á þessum stjórnarfundi, með vísan til ummæla á síðasta fundi.

Sigurgeri Þór setti fund, kl 13:05-, bauð fundarmenn velkomna til stjórnarfundar.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar BAH, frá 6. janúar 2021 var lögð fram til undirritunnar en fundargerðin hafði áður verið send stjórnarmönnum, í tölvupósti, án athugasemda.

2. Úttekt og skoðun á Brunavörnum A-Hún.

Pétur Valdimarsson, sérfræðingur í brunavörnum, fór stuttlega yfir menntun sína og yfirgripsmikil störf sín á þessu sviði í áratugi, m.a. hjá Brunamálastofnun og síðar Mannvirkjastofnun. Farið var yfir það minnisblað sem honum hafði verið sent, með samþykkt stjórnar, dagsett 20.01.2021., og þau 5 atriði sem stjórn hafði miðað við:

Umræður urðu um þessi 5 atriði og hvaða forsendur væru á bak við hvert atriði, og eins vildi stjórn brunavarna fá aðrar ábendingar og tilmæli sem huga þarf að í bráð lengd og gætu skipt máli varðandi rekstur og kostnað við brunavarnir á svæðinu. Allar frekari upplýsingar er málið varðar myndi slökkviliðsstjóri brunavarna A-Hún., veita, ásamt sveitarstjóra Blönduósbæjar og formanni stjórnar, eftir því sem við á.

Stefnt er að því að PV skili minnisblaði um ofangreind atriði til stjórnar fyrir 15/02.

3. Önnur mál

Ingvar slökkviliðsstjóri fór stuttlega yfir það helsta sem er í gangi, þessa dagana, í nýrri slökkvistöð, en stefnt er á að steypa í gólf í dag eftir breytingar á lögnum ofl. Nánar verður farið yfir stöðu framkvæmda, og kostnaðaráætlun á næsta fundi.

Fundi slitið kl 13:35-

Sigurgeir Þór Jónasson,

Sverrir Þór Sverrisson,

Anna Margret Sigurðardóttir,

Ingvar Sigurðsson,

Valdimar O Hermannsson

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu
